



HVERAGERÐISBÆR

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Hveragerði 3. desember 2020

Efni: Þingsályktunartillaga um skákkennslu í grunnskólum.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 3. desember 2020 var tekið til afgreiðslu bréf frá nefndasviði Alþingis varðandi mál nr. 106.

Í bréfinu óskar Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um skákkennslu í grunnskólum, 106. mál. Vegna þessa samþykkti bæjarráð svohljóðandi bókun:

Tillagan um skákkennslu í skólum landsins er ágæt og án vafa er það snjallt að hvetja nemendur til að tefla. Minnt er samt á að rekstur grunnskólans er á hendi sveitarfélaga og því er það vægast sagt sérstakt að sjá að í tillögunni er ekki gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga að því samráði sem þarna er stungið uppá. Einnig er minnt á að allar tillögur sem hafa kostnað í för með sér gagnvart sveitarstjórnarstiginu ber að kostnaðarmeta og ræða í framhaldinu hvernig sveitarfélögum verði bættur sá kostnaður sem af hugmyndaauði Alþingis hlýst.

Þessari afgreiðslu bæjarráðs Hveragerðisbæjar er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

Aldis Hafsteinsdóttir,
bæjarstjóri

